

Opið hús í Skálholti

Nk. laugardag 6. ágúst ætla Sumartónleikar í Skálholti og Skálholtsstaður að bjóða í opið hús frá kl. 13.00 til kl. 18.00.

Markmiðið er að kynna þá fjölbreyttu starfsemi sem fram fer á sumarmánudunum í Skálholti, ekki síst þá tónlistarveislu sem hér er í boði.

Meðal þess sem boðið verður upp á eru úti- og innileikir og tónlistarsmiðja fyrir börnin sem einnig geta farið á hestbak milli kl. 13.00-15.00. Gestastofan í Skálholti verður opin allan daginn og er aðgangur ókeypis. Þá verður ísbíll á staðnum.

Dagskráin verður sem hér segir:

- kl. 13.00 – 15.00 Hestar fyrir börn
- kl. 13.00 Stund við orgelið í Skálholtsdómkirkju. Jón Bjarnason organisti
- kl. 13.30 Útileikir fyrir börn á öllum aldri
- kl. 13.30 Staðarskoðun í Gestastofu
- kl. 14.00 Fyrirlestur í Skálholtsskóla. Bragi Þorgrímur Ólafsson
- kl. 14.30 Nemendur Tónlistarskóla Árnesinga leika fyrir gesti við jurtagarðinn.
Stjórn: Pamela de Sensi
- kl. 15.00 Tónleikar á vegum Sumartónleikanna í Skálholtsdómkirkju:
BACHSVEITIN Í SKÁLHOLTI
- kl. 15.00 Hljóðfærasmíðja í Skálholtsskóla og leikir
- kl. 16.00 Kaffihlaðborð í Skálholtsskóla. 1500.- kr. á mann.
- kl. 17.00 Tónleikar á vegum Sumartónleikanna: **BACHSVEITIN Í SKÁLHOLTI**

Verið hjartanlega velkomin á opið hús í Skálholti laugardaginn 6. ágúst kl. 13-18.